

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi talli niður.

Nr. 9/1891:

Lárus Pálsson

gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni.

#### Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjerði af stefnda, bóksala Kristjáni Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík, gegn áfrýjandnum, homöopath Lárusi Pálssyni á Sjónarhól, út af skuld að upphæð 177 kr. 53 aur. til verzlunar Ólafs sál. Jónssonar kaupmanns í Hafnarfirði, er áfrýjandinn er talinn í í verzlunarbókum greindrar verzlunar, en útistandandi skuldir verzlunar þessarar hafði stefndi keypt og var þannig orðinn eigandi að hinni hjerumrædda skuld. Málið var dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 25. febrúarmán. þ. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda alla hina umstefndu skuld 177 kr. 53 aura með 5% vöxtum frá 8. des. f. á. til borgunardags, svo og í málskostnað 57 kr. 66 aura.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, bæði að því er skuldakröfuna snertir og málskostnað, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverri að rjettararins mati nægilegri upphæð. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandi ennfremur dæmdur til að

greiða sjer málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Stefndi hefur í málinu til sönnunar skuldakröfu sinni lagt fram staðfestan útdrátt úr verzlunarbókum Ólafs sál. Jónssonar, snertandi viðskipti áfrýjanda við verzlunina árin 1878 til 1882, þá er verzlunin virðist hafa hætt, og eptir útdrætti þessum var áfrýjandi í skuld við verzlunina 1882 um hina umstefndu upphæð. En áfrýjandinn hefur lýst það allt tilhæfulaust og rangt, sem í útdrættinum er tilfært, lið fyrir lið, bæði það sem talið er úttekið af honum og innlátið. Kveðst hann að vísu hafa haft ýms viðskipti við Ólaf sál. Jónsson, sem hann þó eigi hefur lýst nákvæmar, og hafi hann jafnan átt til góða hjá honum eptir þeim, en hann hafi aldrei haft hugmynd um, að hann stæði þar í neinum verzlunarreikningi og hafi aldrei fengið neinn reikning frá honum. Gagnvart þessum mótmælum áfrýjanda gegn skuldinni, hefur stefndi með framlögðum brjefum frá áfrýjanda, sumpart til stefnda sjálfs og sumpart til skiptaráðandans í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sannað, að áfrýjandi hefur verið í verzlunarreikningi eða haft almenn verzlunarviðskipti við Ólaf sál. Jónsson, að hann hefur fengið einu sinni frá honum verzlunarreikning, og að hann hefur staðið í skuld við Ólaf Jónsson sál. árið 1880, en þá var einmitt hin umstefnda skuld að mestu leyti til orðin. Að svo vöxnu máli verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir ekki tekið til greina framangreind mótmæli áfrýjanda gegn hinni umkröfðu skuld, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm að því leyti. Svo ber og staðfesta málskostnaðarákvæði hans, og ber áfrýjanda auk þess að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Lárus homðopath Pálsson, greiði stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 19/1891.

Rjettvísín

gegn

lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærða Þorvaldi Björnssyni, lögregluþjóni í Reykjavík, fyrir brot gegn 125. og 129. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga 1869, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar hinn 13. maímán. síðastl. á þá leið, að ákærði ætti að greiða 40 kr. sekt í landssjóð, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og inna af hendi allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera, og hefur hinn skipaði sækjandi þar lagt fram nokkur ný skjöl í málinu.

Eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, eru atvik þess eins og nú skal greina. Hinn ákærði, sem er skipaður lögregluþjónn í Reykjavík, býr í sama húsi og prestaskólástúdent einn, og eru íbúðarherbergi þeirra samhliða eða á sama lofti í húsinu. Síðastliðið